

Björn Bjarnason, Dóms og kirkjumálaráðherra
Skuggasundi
150 Reykavík

25. september 2006

Í skýrslu til dómsmálaráðuneytisins, dagsettri 12. október 2004, setti Fangelsismálastofnun fram sjónarmið um markmið í fangelsismálum og hugmyndir um framtíðaruppbyggingu fangelsanna. Þar kom m. a. fram, að nauðsynlegt væri að ráðast í verulegar endurbætur á Fangelsinu Litla-Hrauni. Í samvinnu við ráðuneytið hefur verið unnið að frekari útfærslum á því verki. Forathugun framkvæmdanna er nú lokið en í kjölfarið er þess vænst að haldið verði áfram hönnunar- og teiknivinnu.

Fangelsismálastofnun fól Margréti Sæmundsdóttur, deildarsérfræðingi hjá stofnuninni, að gera stjórnsýsluúttekt á Fangelsinu Litla-Hrauni og skila skýrslu sem mætti nýta við uppbyggingu fangelsisins. Í skýrslu hennar, dagsettri í júní 2005, eru settar fram fjölmargar hugmyndir til úrbóta og tillögur til að ná fram breytingum og hagræðingu í rekstrinum. Þá fékk Fangelsismálastofnunin forstöðumann fangelsisins í Ringerige í Noregi, Sigbjörn Hagen, til að framkvæma einfalda úttekt á Fangelsinu Litla-Hrauni. Sigbjörn skilaði ítarlegri skýrslu, dagsettri 26. september 2005, þar sem hann setti fram ábendingar um öryggismál í fangelsinu, samskipti almennt og önnur atriði sem varða starfsemi og rekstur þess.

Fangelsið Litla-Hrauni er stærsta fangelsi landsins en þar eru að jafnaði vistaðir um 75 fangar. Fangelsið er skilgreint sem öryggisfangelsi en þó vistast þar fangar sem þurfa lágmarks gæslu auk gæsluvarðhaldsfanga. Þar afplána mjög ungir menn, fjöldi útlendinga og í framtíðinni er einnig gert ráð fyrir kvennadeild. Í fangelsinu er fjölbreytileg vinna og nám og er fyrirhugað að bæta þá aðstöðu verulega.

Þegar litið er til erfiðrar samsetningar fangahópsins, fjölbreytileika hans svo og húsakosts fangelsisins telur Fangelsismálastofnun afar þýðingarmikið að markviss stefna verði mótuð um framtíðarrekstur þess. Leggur Fangelsismálastofnun til að skipuð verði sérstök nefnd sem leggi fram tillögur þess efnis. Þar ættu sæti fulltrúi frá Fangelsismálastofnun, fulltrúi Fangavarðafélags Íslands, fulltrúi dómsmálaráðuneytisins og fulltrúi stjórnenda Fangelsins Litla-Hrauni. Heppilegast væri að formaður nefndarinnar, sem ráðuneytið skipaði, væri utanaðkomandi aðili. Meðal atriða sem nefndin ætti að taka sérstaklega til skoðunar væru:

1. Öryggismál Fangelsisins Litla-Hrauns í heild
2. Öryggi og starfsaðstaða kvenfanga.
3. Vinna fanga, hvernig mætti fjölga störfum og gera hana fjölbreytilegri.
4. Hlutverk fangavarða miðað við að tekna yrðu upp þrískiptar vaktir.
5. Leiðir til að sporna gegn fíkniefnaneyslu.

Valtýr Sigurðsson (sign.)